

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Nóvember 2017

Skráð atvinnuleysi var 2,1% í nóvember

Skráð atvinnuleysi í nóvember var 2,1% og jókst um 0,2 prósentustig frá október. Að meðaltali fjölgaði um 143 á skrá í nóvember í ár frá nóvember í fyrra (2016), en þá mældist skráð atvinnuleysi einnig 2,1%.

Atvinnuleysi jókst í öllum landshlutum, hlutfallslega mest á Vestfjörðum og Austurlandi eða um 0,4 prósentustig en hlutfallslega minnst á höfuðborgarsvæðinu eða um 0,1 prósentustig. Atvinnuleysi jókst meira meðal karla en kvenna eða um 0,2 prósentustig meðal karla og 0,1 prósentustig meðal kvenna.

Greiddar voru 916 milljónir í atvinnuleysistryggingar í nóvember og 890 milljónir í fæðingarorlof.

Í kjölfar dóms Hæstaréttar, þar sem m.a. kom fram að Alþingi hefði verið óheimilt að skerða bótarétt þeirra


sem virkjað höfðu rétt sinn til atvinnuleysisbóta fyrir 1. janúar 2015, hafði Vinnumálastofnun samband við um 1.200 einstaklinga sem kynnu að eiga rétt á afturvirkum greiðslum atvinnuleysistrygginga. Vinnumálastofnun hefur nú lokið afgreiðslu fyrirbyggjandi umsókna um afturvirkar greiðslur og hefur greitt 348 einstaklingum um 315 milljónir í afturvirkar atvinnuleysistryggingar.

Alls fóru 509 einstaklingar af skrá í nóvembermánuði, þar af 268 í vinnu eða um 53%. Þá voru 149 (29%) einstaklingar sem staðfestu einfaldlega ekki atvinnuleit í lok nóvember eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir.

Alls voru 1.148 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok nóvember eða um 28% allra atvinnulausra. Flestir þeirra komu frá Póllandi eða 671.

Í nóvember gaf Vinnumálastofnun út 125 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.663 atvinnuleyfi það sem af er ári. Helmingur útlendinga sem fengið hefur atvinnuleyfi eru yngri en 30 ára.

Skráð atvinnuleysi frá nóv. 2015 til nóv. 2017



Greining atvinnuleysis

Atvinnuleysi í nóvember og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í nóvember mældist eins og fyrr segir 2,1% og voru að jafnaði 3.726 einstaklingar á skrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 260 á atvinnuleysissskrá frá október. Hins vegar voru nú 143 fleiri á atvinnuleysissskrá en í lok nóvember 2016.

Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í nóvember eða 2,7% og 2,3% á Norðurlandi eystra.

Alls voru 1.885 karlar að jafnaði atvinnulausir í nóvember og 1.841 konur og var atvinnuleysi 1,9% meðal karla og 2,3% meðal kvenna. Atvinnuleysi minnkar milli ára hjá konum og er nú 0,2 prósentustigi

**GREIÐSLUSTOFA
GREIDDI
916 milljónir**

Í NÓVEMBER

Par af voru:

698 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.

46 milljónir vegna barnadagpeninga.


24 milljónir vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.

148 milljónir vegna desemberuppbotar atvinnuleitenda

læggra en í nóvember 2016. Atvinnuleysi eykst á hinn bóginn lítið eitt meðal karla og er nú 0,1 prósentustigi hærra en í nóvember 2016.

Alls voru 478 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok nóvember í ár sem samsvarar um 1,8% atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmönnum hefur fjölgað lítið eitt frá nóvember 2016 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 471. Hins vegar eru töluvert fleiri atvinnulausir á aldrinum 25-54 ára nú en fyrir ári og munar þar 168 manns. Fjöldi atvinnulausra á aldrinum 55-69 ára eykst mun minna á milli ára.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 838 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok nóvember en voru 917 í nóvemberlok 2016. Hefur þeim því fækkað um 79 milli ára. Á sama tíma hefur þeim sem verið hafa atvinnulausir innan við 1 ár fjölgað nokkuð, eru nú 3.307 en voru 3.029 í lok nóvember fyrir ári. Hlutfall langtímaatvinnulausra hefur því lækkað úr 23% í nóvember 2016 í 20% í nóvember 2017.

Starfsstéttir og atvinnugreinar

Fækkun var í hópi atvinnulausra sérfræðinga, svo og þeirra sem starfað höfðu við sölu,- afgreiðslu og skrifstofustörf frá nóvember 2016. Einnig var fækkun


meðal atvinnulausra milli ára meðal þeirra sem starfa við sjávarútveg og landbúnað.

Hlutfallslega var mest fjölgun meðal véla- og vélgæslufólks og þá verkafólks. Einnig fjölgaði atvinnulausum meðal iðnaðarmanna og sérhæfðs iðnverkafólks og sérmenntaðra. Þegar breytingar eru skoðaðar eftir atvinnugreinum má sjá að atvinnulausum hefur fækkað hlutfallslega mest úr fjármála- og tryggingastarfsemi en einnig í fiskveiðum, í framleiðsluiðnaði og upplýsingum og fjarskiptum. Hins vegar fjölgaði atvinnulausum í öðrum atvinnugreinum, hlutfallslega mest í mannvirkjagerð, fiskvinnslu, fræðslustarfsemi og flutningastarfsemi.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 1.148 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok nóvember eða um 28% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 4,6% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá komu frá Póllandi eða 671, sem er um 58% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni



Horfur til næstu mánaða

Árstíðabundið atvinnuleysi vex yfirleitt í desember. Gera má ráð fyrir að atvinnuleysi aukist í ýmsum atvinnugreinum þar sem áhrifa árstíðarsveiflu gæti eins og t.d. í mannvirkjagerð. Hins vegar má gera ráð fyrir að litlar breytingar verða í fjölda atvinnulausra í verslun í jólamánuðinum. Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi í desember aukist lítillega og verði á bilinu 2,1-2,3%.


Þjónusta við atvinnuleitendur

Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 509 einstaklingar af skrá í nóvembermánuði, þar af 268 í vinnu eða um 53%. Þá voru 149 (29%) einstaklingar sem staðfestu einfaldlega ekki atvinnuleit í lok nóvember eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu. Þá voru 24 (5%) sem fóru af skrá vegna þess að þeir voru óvinnufærir og fóru einhverjir þeirra á endurhæfingarlífeyri. Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa. Þannig var bótaréttur fullnýttur hjá 16 manns, 11 fóru í fæðingarorlof, 8 fluttu úr landi eða fóru í atvinnuleit erlendis og 3 fóru í nám.

Ástæður þess að fólk fór af atvinnuleysissskrá í nóvember



Það var jafnt hlutfall karla og kvenna sem fór af skrá í nóvember og er ekki umtalsverður munur á afskráningarástæðum eftir kyni. Um 75% afskráðra, eða 384, höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf t.ár og 11% (55 manns) að auki í 6-12 mánuði, en 14% (70 manns) höfðu verið atvinnulausir lengur en ár.

Margir þeirra sem fóru í starf nýttu sér þjónustu vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar við atvinnuleitina.

Sumum var miðlað beint í starf af atvinnuráðgjafa, aðrir fengu ráðgjöf og urðu sér út um starf upp á eigin spýtur og enn aðrir voru einungis skráðir atvinnulausir og fundu sér starf án nokkurrar aðstoðar.

Í kjölfar dóms Hæstaréttar vegna styttingar bóttatímabils

Í kjölfar dóms Hæstaréttar, þar sem m.a. kom fram að Alþingi hefði verið óheimilt að skerða bóttarétt þeirra sem virkjað höfðu rétt sinn til atvinnuleysisbóta fyrir 1. janúar 2015, hafði Vinnumálastofnun samband við um 1.200 einstaklinga sem kynnu að eiga rétt á afturvirkum greiðslum atvinnuleysisstrygginga.

Vinnumálastofnun hefur nú lokið afgreiðslu fyrirbyggjandi umsókna um afturvirkar greiðslur og hefur greitt 348 einstaklingum afturvirkar atvinnuleysisstryggingar. Alls greiddi Vinnumálastofnun um 315 milljónir, þar af um 10,5 milljónir í barnadagpeninga. Meðalgreiðsla til hvers einstaklings var rúmar 900 þúsund krónur en greitt var fyrir 4,7 mánuði að meðaltali.

Samhliða afturvirkum greiðslum atvinnuleysisstrygginga hefur Vinnumálastofnun leiðrétt bóttatímabil um 1.200 atvinnuleitenda sem áttu rétt til 36 mánaða bóttatímabils skv. niðurstöðu dómsins án þess að hafa fullnýtt bóttarétt sinn.

Auglýst störf í vinnumiðlun í nóvember

Alls komu inn 100 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í nóvembermánuði, mest almenn störf verkafólks eða 28, einkum í byggingarvinnu en einnig í iðnaðarstarfsemi, við ræstingar og þvotta o.fl. Þá voru auglýst 26 störf iðnaðarmanna, einkum múrara en einnig húsasmiða ofl.


Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- og sérfræðistörf og skrifstofustörf	10	10%
Þjónustustörf	18	18%
Afgreiðslustörf	11	11%
Iðnaðarmenn	26	26%
Bílstjórar og vélafólk	7	7%
Verkafólk í þjónustu	7	7%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði ofl.	21	21%
Samtals	100	100%

Um 18 störf voru við ýmis konar þjónustu s.s. leiðbeinendur í leikskóla, skólaliðar, sundlaugastarfsfólk, starfsfólk við matreiðslu o.fl. Þá voru auglýst 11 störf við afgreiðslu í verslunum og veitingahúsum, 10 störf sérfræðinga og stjórnenda og 7 störf bifreiðastjóra.

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Alls voru 64 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum í nóvember, 35 karlar og 29 konur. Fólki sem tekur þátt í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum hefur fækkað nokkuð síðustu mánuði. Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í nóvember tók 1.161 einstaklingur þátt í slíkum úrræðum og hefur þátttakendum í úrræðum fjölgað mikið frá sumarmánuðum þegar slík virkni er jafnan í lágmarki.

Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í nóvember



Af þessum 1.161 voru 476 í ýmis konar grunnúrræðum, en grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfstyrkingu. Þá voru 514 manns á ýmis konar námskeiðum, í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga, en einnig ýmis starfstengd námskeið, tölvunámskeið og bókhaldsnámskeið. Þá voru 92 einstaklingar skráðir í nám á framhalds- eða háskólastigi í nóvember.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar

og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í nóvember unnu 35 einstaklingar að slíkri hugmynd, 19 karlar og 16 konur. Þá voru 44 einstaklingar í atvinnutengdri endurhæfingu, í vinnustaðanámi og eða öðrum atvinnutengdum verkefnum.

Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í nóvember voru gefin út 35 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 21 einstaklingur, 4 fóru til Lettlands en færri til annarra ríkja. Alls hafa verið gefin út 387 U2 vottorð það sem af er ári.

Á fyrstu ellefu mánuðum ársins hafa samtals verið móttækin 58 U2 vottorð útlendinga sem koma í atvinnuleit til Íslands, sem er nokkur fækkun frá fyrra ári þegar 69 slík vottorð voru gefin út á fyrstu 11 mánuðum ársins.

(39), en þar á eftir koma Spánn (19) og Portúgal (11). Þau 43 leyfi sem eftir standa dreifðust á allmörg önnur Evrópuríki.

Á fyrstu ellefu mánuðum ársins hafa verið gefin út og send 901 U1 vottorð, sem er nokkru meira en í fyrra og raunar síðustu 4 ár að jafnaði.

Útlendingar


Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

Helmingur útlendinga sem fengið hefur atvinnuleyfi er yngri en 30 ára.

Í nóvember gaf Vinnumálastofnun út 125 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.663 atvinnuleyfi það sem af er ári. Af útgefnum leyfum í nóvember voru 46 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 55 framlengd leyfi og 24 leyfi til námsmanna.


Helmingur af þeim útlendingum sem hafa fengið útgefin atvinnuleyfi það sem af er árinu 2017 er yngri en 30 ára. Er það sambærilegt hlutfall og undanfarin ár, en í meðfylgjandi súluriti má sjá aldursdreifingu útlendinga sem hafa fengið útgefin atvinnuleyfi frá árinu 2014 til loka nóvember 2017.

Elsti umsækjandi um atvinnuleyfi það sem af er árinu 2017 er fæddur árið 1936 en sá yngsti er fæddur árið 2000. Almennt þurfa útlendingar sem eru yngri en 18



Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í nóvember voru gefin út 159 U1 vottorð sem er lítils háttar aukning frá októbermánuði þegar gefin voru út 143 slík vottorð. Líkt og undanfarina mánuði eru flest vottorðin gefin út til Póllands (47) og Tékklands

Aldur útlendingis við útgáfu leyfis



ára ekki að fá útgefið tímabundið atvinnuleyfi hér á landi þar sem þeir eru flestir undanþegnir kröfunni um atvinnuleyfi fram að 18 ára aldri. Í tilfelli hins 17 ára útlending þá var um að ræða hælisleitanda sem vildi fá að starfa meðan mál hans væri til vinnslu hjá Útlendingastofnun.

Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 55 erlend fyrirtæki starfandi í nóvember 2017. Fjöldi starfsmanna á vegum erlendra fyrirtækja var samtals 481 í nóvember og hefur þeim fjölgað lítillega frá því í síðasta mánuði.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 1.899 í mánuðinum á vegum 30 starfsmannaleiga. Í október síðastliðnum voru 2.032 starfsmenn starfandi á vegum starfsmannaleiga og því er ljóst að þessum starfsmönnum er byrjað að fækka.

Af þeim 30 starfsmannaleigum sem voru starfandi á Íslandi í nóvember voru 19 innlendar og 11 erlendar. Innlendu starfsmannaleigurnar voru með 1.829 starfsmenn á sínum vegum en hinar erlendu með 70. Starfsmenn starfsmannaleiga starfa því langmest hjá innlendum starfsmannaleigum líkt og síðustu mánuði. Þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum starfsmannaleigum teljast vera útsendir starfsmenn (e. posted workers), líkt og þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum þjónustufyrirtækjum. Í nóvember voru því samtals 551 útsendir starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði.


Vinnumálastofnun hefur greint hver aldursdreifing starfsmanna starfsmannaleiga er svo og erlendra þjónustufyrirtækja. Elsti starfsmaðurinn sem starfaði fyrir starfsmannaleigu í nóvember 2017 er fæddur 1947

Á tímabilinu janúar 2017 til nóvember 2017 hafa starfað **36 STARFSMANNALEIGUR** á íslenskum vinnumarkaði með samtals **3.163 STARFSMENN** samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar.


Á tímabilinu janúar 2017 til nóvember 2017 hefur **121 ERLENT FYRIRTÆKI** starfað á íslenskum vinnumarkaði með samtals **1.784 STARFSMENN** samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar.

og er því sjötugur á árinu. Sá yngsti er fæddur á árinu 2000 og er því sautján ára á árinu.

Því er ljóst að aldursbilið er breitt. Starfsmenn starfsmannaleiga sem störfuðu á íslenskum vinnumarkaði í nóvember 2017 eru í meirihluta yngri en 34 ára en aldursdreifinguna má lesa af meðfylgjandi súluriti.



Elsti starfsmaðurinn sem starfaði fyrir erlent þjónustufyrirtæki í nóvember 2017 er fæddur 1951 og er því 66 ára á árinu. Sá yngsti er fæddur árið 1998 og er því 19 ára á árinu. Aldursdreifing starfsmanna erlendra þjónustufyrirtækja á íslenskum vinnumarkaði í nóvember 2017 er nokkuð jöfn líkt og lesa má af meðfylgjandi súluriti.



Vinsæl ráðstefna um menntunar- og færniþörf vinnumarkaðarins.

Vinnumálastofnun ásamt ASÍ, SA og Hagstofu Íslands stóðu fyrir ráðstefnu um menntun og færni á vinnumarkaði þann 5. nóvember á Grand Hótel.

Á ráðstefnunni fóru sérfræðingar í fremstu röð í færnisþám frá Bretlandi, Svíþjóð og Írlandi yfir þær aðferðir sem beitt er í heimalöndum þeirra og annarsstaðar í Evrópu. Á Íslandi hefur ekki verið unnið markvisst að gerð færnisþár og eru Íslendingar þar af leiðandi eftirbátar nágrannaþjóða í heildarstefnumótun m.t.t. þróunar færni, menntunar og vinnumarkaðar.



Ráðstefnan var mjög vel sótt og sýndi svo ekki verður um villst að gríðarlegar væntingar eru gerðar til þeirrar vinnu sem nú er hafin milli þessara aðila sem lúta að því að hægt verði að framkvæma færnisþár fyrir vinnumarkaðinn í allra nánustu framtíð.

[Hér má nálgast efni og upptöku frá ráðstefnunni](#)



FÆÐINGARORLOFS- SJÓÐUR GREIDDI

890 milljónir

til 976 karla og 2.880 kvenna
í nóvember 2017

ÁBYRGÐARSJÓÐUR LAUNA GREIDDI 26 launamönnum

vangoldin laun vegna gjaldþrota
fyrirtækja í nóvember

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra